

## 1219. stjórnarfundur VR

**Haldinn fimmtudaginn 3. júní 2021, kl. 13:00 á Hótel Nordica Reykjavík**

**Mætt voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Fríða Thoroddsen, Jón Steinar Brynjarsson og Sigurður Sigfússon

### Dagskrá:

Harpa setti fund kl. 13:00 þar sem Ragnari Þór seinkaði aðeins.

- 1. Fundargerðir 1217. og 1218. stjórnarfundu VR voru lagðar fram til samþykktar**  
Ragnar Þór lagði fram fundargerðir 1217. og 1218. stjórnarfundu VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við þær.

Fundargerðirnar voru samþykktar og undirritaðar.

- 2. Þriggja mánaða uppgjör VR og lykiltölur**

Stefán lagði fram skjölin „Lykiltölur janúar til mars 2021“, „Uppgjör janúar til mars 2021“, „Yfirlit sjóðir janúar til mars 2021“ og „Félagsmaðurinn mánaðarskýrsla“ dags. 01.06 2021 og fór fyrir efni þeirra á slæðum.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að félagsmönnum hafi á tímabilinu fækkað um -3,4% og hefði komið toppur í fjölgun félagsmanna árið 2018 en þeim hafi farið fækkandi síðan þá. En það beri að hafa í huga að það sé vegna þess að það sé að fækka á vinnumarkaði yfir höfuð og í raun er félagsmönnum að fjölga ef skoðaður er almenni vinnumarkaðurinn en þar fer hlutfall VR félaga hækkandi.

Eins og nærri má geta fækkaði afgreiðslum vegna Covid þar sem skrifstofur VR voru lokaðar og einnig fækkar málum á kjarasviði um -44,4%. Fagnaðarefni er lækkun útgreiðslna sjúkradagpeninga úr Sjúkrasjóði VR um -22,5% en styrkir úr starfsmenntasjóði aukast um 10,2%.

Varðandi uppgjórið þá eru rekstrartekjur mjög nálægt áætlun eða 1.059.197.614 kr. en rekstrargjöld 1.053.501.890 kr. Rekstrartekjur umfram gjöld því 5.695.724 kr. – Fjármagnsliðir eru 167.532.625 kr. sem er 50% yfir áætlun og hreinar tekjur til ráðstöfunar 173.228.349 kr.

Umræður.



Ragnar Þór mætir hér til fundar og tók við fundarstjórn kl. 13:20

### 3. Samþykkt milli funda. Yfirlýsing frá stjórn VR um forgangsröðun í bólusetningu

Ragnar Þór sagði frá yfirlýsingu sem stjórn samþykkti milli funda þann 27. maí 2021 um forgangsröðun í bólusetningu og er sett hér fram til bókunar. Yfirlýsingin var eftirfarandi:

#### „Yfirlýsing frá stjórn VR um forgangsröðun í bólusetningu

Um leið og stjórn VR fagnar afléttingu grímuskyldu í verslunum, og á öðrum vettvangi, vill hún minna á að stór hluti afgreiðslufólks er ungt fólk sem enn er óbólusett og er því enn á ný sett í þá stöðu að vera í hvað mestri smithættu.

Stjórn VR skorar þess vegna á sóttvarnaryfirvöld að færa verslunarfólk í framlínu tafarlaust í forgangshóp bólusetningar. Þetta er fólk sem hefur staðið vaktina og lyft grettistaki við að halda þjóðfélaginu gangandi á meðan að stór hluti þjóðarinnar gat dregið sig í hlé frá samskiptum og einnig unnið heima í öruggri fjarlægð frá nánum samskiptum á hættulegum tímum.

Við biðjum stjórnvöld um að sýna þessu fólk þá umhyggju, þakklæti, og virðingu sem það á skilið fyrir sína þjónustu og hugrekki – setjum verslunarfólk í framlínu í forgang bólusetninga.

Stjórn VR”

Í máli Ragnars Þórs kom fram að yfirlýsingin hafi einnig verið send beint á embætti Sóttvarnarlæknis. Nokkuð hefur verið um það að Ragnar Þór hafi fengið skilaboð um að starfsmönnum líði illa vegna afnáms grímuskyldunnar. Kennarar og starfsfólk skóla hafi verið haft í forgangi og því þá ekki líka okkar fólk sem sinnir störfum í framlínunni.

### 4. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði að nú sé stutt í þinglok hjá Alþingi en að enn bóli ekki á efndum varðandi okkar mál svo sem er varðar verðtrygginguna, húsaleigulögin, starfskjaralögin og lífeyrisfrumvarpið. Það sé reyndar ágætt að afgreiðsla starfskjaralaga tefjist en verra með önnur mál.

Umræða hefur verið um s.k. gul stéttarfélög og framgöngu Play air. Þá hefur heyrst af því að fólk á uppsagnarstyrkjum fyrirtækja hafi ekki verið ráðið aftur í störf sín nú þegar er að ræstast úr með rekstur víða og frekar nýtt fólk ráðið inn. Þá hefur verið mikil einföldun og neikvæð umræða um höfnun starfa meðal atvinnulausra þótt auðvitað séu svartir sauðir innanum.

Umræður.

Mál Play air er alvarlegt mál og er skipulögð aðför að stéttarfélagskerfinu þar sem reynt er að sundra samtakamætti okkar. Þetta snýst ekki bara um Play air heldur almenna þróun sem við verðum að mæta.

Formannafundur ASÍ verður haldinn 16. júní nk. og verður þar rætt um þau mál sem enn standa út af borðinu gagnvart stjórnvöldum og svo Play air málið.

Næsta mánudag kl. 15 mun hann funda með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra um stöðuna í þjóðfélaginu, vextina og almennt að þrýsta á stjórnvöld um aðgerðir.

Umræður.

## 5. Stafræni hæfniklasinn

Stefán lagði fram skjalið „*Stafrænn hæfniklasinn*“ og fór yfir efni þess á slæðum.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að eins og áður hefur verið kynnt er hér um að ræða verkefni sem snýr að því að efla stafræna hæfni í íslensku atvinnulífi – brúa stafræna bilið fyrir einstaklinga á vinnumarkaði og almenning og brúa stafræna bilið og hraða stafrænni umbreytingu íslenskra fyrirtækja.

Staðan í dag er sú að VR, SVP og HR eru stofnaðilar klasans sem er sjálfseignarstofnun sem fleiri munu eiga möguleika á að koma að á seinni stigum. Ráðinn verður einn starfsmaður til að byrja með og er verkefni hans fyrst og fremst að hefja verkefnið, sjá um verkefnastjórnun, upplýsingagjöf, yfirsýn og tengingar.

Samþykkt fjármagn í verkefnið skiptist þannig að 15 m. kr. koma frá stjórnvöldum, 5 m. kr. frá VR og 5 m. kr. frá SVP.

Þá fór Stefán yfir helstu verkefni 2021 og rifjaði upp hvers vegna farið er í þetta og hvernig, þar sem kom m.a. fram að klasinn verður þátttakandi í Evrópskri miðstöð stafrænnar nýsköpunar á Íslandi.

Umræður.

Fundi er slitið kl. 14:20

Árni Leósson, fundarritari